



HAF- OG VATNARANNSÓKNIR

MARINE AND FRESHWATER RESEARCH IN ICELAND

Vöktun laxastofna í Gljúfurá í Borgarfirði 2020

Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Sigurður Már Einarsson

Vöktun laxastofna í Gljúfurá í Borgarfirði 2020

Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Sigurður Már Einarsson

Skýrslan er unnin fyrir Veiðifélag Gljúfurár

Upplýsingablað

Titill: Vöktun laxastofna í Gljúfurá í Borgarfirði 2020		
Höfundur: Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Sigurður Már Einarsson		
Skýrsla nr: HV 2021-21	Verkefnisstjóri: Ásta Kristín Guðmundsdóttir	Verknúmer: 8912
ISSN 2298-9137	Fjöldi síðna: 21	Útgáfudagur: 28. apríl 2021
Unnið fyrir: Veiðifélag Gljúfurár	Dreifing: Opið	Yfirfarið af: Benóný Jónsson
Ágrip <i>Vöktun laxastofna í Gljúfurá í Borgarfirði 2020. Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Sigurður Már Einarsson. HV 2021-21.</i> Í Gljúfurá í Borgarfirði veiddust 200 laxar veiðitímabilið 2020 og var uppistaðan smálax (93,5%) sem vóg að meðaltali 2,36 kg (hrygnur 46,4%). Hluttur stórlaxa í veiðinni nam 6,5% og vógu 4,24 kg að meðaltali (hrygnur 44,4%). Meirihluta stórlaxa var sleppt (85,7%) en litlum hluta smálaxa (4,5%). Heildarfjöldi laxa í veiðinni jókst um 40,9% frá árinu 2019 en var 8% undir langtímameðaltali (217) (1984 – 2019). Fjöldi urriða í veiðinni var 46; 14,8% minni veiði en árið 2019, en 104% yfir langtímameðaltali (23) (1987 – 2019). Fyrstu laxarnir í Gljúfurá veiddust 24. júní en 58,5% af allri laxveiðinni veiddist eftir 12. ágúst. Fyrsti urriðinn veiddist í annarri vikunni í júlí en stærsti hlutinn eftir 5. ágúst (84,8%). Vegna bilunar í teljarapröskuldi í Gljúfurá var fisktalning ársins 2020 ómarktæk. Ganga ársins var reiknuð út frá meðaltalsveiðihlutfalli áranna 2015 – 2019 (36,4% á smálaxi og 12,5% á stórlaxi) og þekktri veiði ársins 2020; áætluð 606 laxar; 503 smálaxar og 104 stórlaxar. Fjöldi hroga á vatnasvæði Gljúfurár eftir hrygninguna 2020 var áætlaður 1,19 milljónir hroga; 4,2% yfir hrygningarmarkmiði árinna (1,14 millj.). Greind voru 23 hreistursýni (22 smálaxar og 1 lax á endurtekinni hrygningu). Meðalaldur í ferskvatni var 3,5 ár og bakreiknuð lengd við útgöngu var 12,1 cm að meðaltali. Vöxtur unglaxa í hafi var 31,0 cm; 4,2% undir meðalvexti (2010 – 2020) (32,4 cm). Í seiðamælingum í Gljúfurá 2020 veiddust laxaseiði af fjórum árgöngum (0+, 1+, 2+ og 3+) og urriðaseiði af tveimur árgöngum (0+ og 1+). Allir árgangar mældust yfir langtímameðaltali (l.m.t.) að lengd. Þéttleikavísitala allra árganga laxaseiða var að meðaltali 42,4 seiði/100 m² og 16,0% undir langtímameðaltali (50,4/100 m²). Vísitala 0+ seiða var 26,6/100 m² að meðaltali, 18,8% yfir		

l.m.t en 11,4% undir þéttleikamarkmiði (30/100 m²). Vísitala 1+ seiða var 10,6/100 m², 40,8% undir l.m.t og 57,8% undir þéttleikamarkmiði (25/100 m²). Þéttleikavísitala urriðaseiða var 6,7/100 m² að meðaltali, 116,1% yfir langtímameðaltali. Hrygningarstofn Gljúfurár var með minnsta móti árið 2014 en svo virðist sem staðbundin aðlögun stofnsins geri það að verkum að töluverður hluti hans leitar inn í ána síðla sumars og í september og verður þ.a.l. fyrir minna veiðiálagi en annars hefði orðið. Að líkindum þess vegna var þéttleikavísitala klakárgangsins (0⁺) árið eftir (2015) í ríflegu meðallagi. Rúmlega helmingur laxveiðinnar í Gljúfurá árið 2020 var upprunnin úr þessum sama árgangi. Líklegt er þó talið að árgangur gönguseiða árið 2019 (að mestu klak árunna 2015 og 2016) hafi orðið fyrir afföllum vegna lágrennslisins það sumar og vísbendingar eru um að ung seiði (klakárgangar 2018 og 2019) hafi einnig orðið fyrir töluverðum afföllum.

Lykilorð: laxveiði, lax, urriði, sjóbirtingur, ganga, teljarapröskuldur, áætluð ganga, seiðavísitala, veiðihlutfall, haustgöngur

Undirskrift verkefnisstjóra:

Ásla K. Grötmundsd.

Undirskrift forstöðumanns sviðs:

Guðni Guðbergsson

Efnisyfirlit	Bls.
Töfluskra	i
Myndaskra	ii
Viðaukar	iii
Inngangur	1
Aðferðir	2
Niðurstöður	3
Stangveiði	3
Fisktalning, reiknuð ganga og áætlað veiðihlutfall	4
Hrognafjöldi og viðmiðunarmörk hrygningar	4
Hreistur	5
Seiðamælingar	5
Umræður	6
Þakkarorð	9
Heimildir	10
Ritaskra	11
Töflur	12
Myndir	15
Viðaukar	21

Töfluskra

Tafla 1. Stangveiðin í Gljúfurá í Borgarfirði 2020. Sýndur er fjöldi landaðra fiska og þeirra sem er sleppt er í ána aftur, auk hlutfalls veiða og sleppa.	12
Tafla 2. Laxveiðinni í Gljúfurá í Borgarfirði árið 2020 skipt eftir líkindum úr veiðigagnagrunni Skrínunnar. Reiknuð er meðalþyngd (kg) eftir kyni og sjávaraldri.	12
Tafla 3. Sundurliðuð ganga laxfiska eftir mánuðum um teljarann í Gljúfurá í Borgarfirði árið 2020.	12
Tafla 4. Veiði, ganga og veiðihlutfall á laxi ofan við teljarann í Gljúfurá í Borgarfirði frá 2010 – 2020. *Fjöldi fiska í göngu árið 2020 var reiknaður út frá fjölda fiska í veiðinni og áætluðu veiðihlutfalli ársins 2020 (meðaltalsveiðihlutfall áranna 2015 – 2019). Tölur í skyggðu svæði eru líkindi. **Meðaltal (2010 – 2019).	12
Tafla 5. Veiði, ganga og veiðihlutfall á urriða ofan við teljarann í Gljúfurá í Borgarfirði frá 2010 – 2020. *Fjöldi fiska í göngu árið 2020 var reiknaður út frá fjölda fiska í veiðinni og áætluðu veiðihlutfalli ársins 2020 (meðaltalsveiðihlutfall áranna 2015 – 2019). Tölur í skyggðu svæði eru líkindi. **Meðaltal (2010 – 2019).	13
Tafla 6. Niðurstöður aldursgreininga á hreistursýnum úr laxveiðinni í Gljúfurá í Borgarfirði árið 2020	13

Tafla 7. Bakreiknuð lengd (cm) hreistursýna af löxum á fyrstu hrygningargöngu úr laxveiðinni í Gljúfurá í Borgarfirði árið 2020. FA=ferskvatnsaldur; SV=sjávarvöxtur.....	13
Tafla 8. Upplýsingar um lax á sinni annarri hrygningargöngu í hreisturrannsóknum úr stangveiðinni í Gljúfurá í Borgarfirði árið 2020. FA= ferskvatnsaldur; SA= sjávaraldur. Aldur=ferskvatnsár:sjávarár.....	13
Tafla 9. Upplýsingar um urriða (sjóbirting) í hreisturrannsóknum úr stangveiðinni í Gljúfurá í Borgarfirði árið 2020. FA= ferskvatnsaldur; SG= sjóganga. Aldur=ferskvatnsár:sjógönguár. .	13
Tafla 10. Laxveiðin í Gljúfurá 2020 rakin til klakárganga út frá niðurstöðum hreisturrannsókna. 1SW=Smálax; 2SW=Stórlax. *Fjöldi fiska í hverjum klakárgangi eru líkur, reiknaðar út frá hlutfallslegri árgangsskiptingu smálaxa í hreisturrannsóknum úr laxveiðinni 2019.	14
Tafla 11. Meðallengd (ml, cm), fjöldi (Fj) og staðalfrávik (St.dev) hvers árgangs laxaseiða á hverri stöð auk meðaltals yfir allt svæðið í Gljúfurá í Borgarfirði 10. ágúst 2020.....	14
Tafla 12. Meðallengd (ml, cm), fjöldi (Fj) og staðalfrávik (St.dev) hvers aldurshóps urriðaseiða á hverri stöð auk meðaltals yfir allt svæðið í Gljúfurá í Borgarfirði 10. ágúst 2020	14
Tafla 13. Þéttleikavísitala laxaseiða (fj.seiða/100 m ²) eftir aldurshópum og stöðvum í Gljúfurá í Borgarfirði 10. ágúst 2020.....	14
Tafla 14. Þyngdarstuðull (K) seiða eftir aldurshópum í Gljúfurá í Borgarfirði 10. ágúst 2020.	14

Myndaskrá

1. mynd. Yfirlitskort af vatnasvæði Gljúfurá í Borgarfirði. Rafveiðistaðir eru sýndir með númerum og fiskteljari og ýmis kennileiti eru sýnd með örvum.	15
2. mynd. Laxveiði á vatnasvæði Gljúfurár í Borgarfirði frá 1974 – 2020 auk meðalveiði (1974 - 2019).	16
3. mynd. Urriðaveiði á vatnasvæði Gljúfurár í Borgarfirði frá 1975 – 2020 auk meðalveiði (1974 - 2019).	16
4. mynd. Stangveiðin í Gljúfurá árið 2020 tekin saman eftir veiddra fjölda fiska á viku.	17
5. mynd. Ganga (nettó) laxfiska um teljarann í Gljúfurá í Borgarfirði árið 2020.	17
6. mynd. Lengdardreifing og skipting göngunnar á milli flokka (silungur, smálax, stórlax) í Gljúfurá í Borgarfirði árið 2020.	17
7. mynd. Reiknaður hrognafjöldi í hrygningarstofni laxa á vatnasvæði Gljúfurár í Borgarfirði 1975 – 2020. Forsendur fyrir niðurstöðu ársins 2020 eru líkindi. Efri myndin: Heildarhrognafjöldi hvert ár er rakin til smálaxa/stórlaxa. Meðaltal hrognafjölda yfir allt tímabilið er sýnt með heilli láréttri línu og viðmiðunarmörk eru sýnd með brotinni, láréttri línu. Neðri myndin: Áætlaður hrognafjöldi á hvern m ² botnflatar árinna auk meðalfjölda hrogná á m ² á tímabilinu (heil lárétt lína) og viðmiðunarmarkna (brotin lárétt lína); áætluð 3,5 hrogn/m ²	18
8. mynd. Vöxtur unglaxa í hafi, frá útgöngu að fyrsta vetri í sjó. Bakreiknaður vöxtur smálaxa í hreistursýnatöku úr veiðinni í Gljúfurá í Borgarfirði (2010 – 2020). Meðalvöxtur tímabilsins er sýndur með láréttri línu.	19
9. mynd. Meðallengd (cm) árganga laxaseiða eftir árum á vatnasvæði Gljúfurá í Borgarfirði 1995 – 2020. Meðaltal tímabilsins er sýnt með láréttri línu.	19
10. mynd. Meðallengd (cm) yngstu árganga urriðaseiða eftir árum á vatnasvæði Gljúfurá í Borgarfirði 1995 – 2020. Meðaltal tímabilsins er sýnt með láréttri línu.	20
11. mynd. Seiðavísitala (fj/100 m ² m ²) laxaseiða eftir árgöngum á vatnasvæði Gljúfurá í Borgarfirði 1995 – 2020. Heil lárétt lína sýnir meðaltalsvísitölu tímabilsins og brotin lárétt lína sýnir þéttleikamarkmið.	20

12. mynd. Seiðavísitala (fj/100 m ²) yngstu árganga (0+ og 1+) urriðaseiða á vatnasvæði Gljúfurá í Borgarfirði 1995 – 2020. Lárétt lína sýnir meðaltalsvísitölu tímabilsins	20
---	----

Viðaukar

Viðauki 1. GPS staðsetning (WGS 84 dd,ddddd°) rafveiðistöðva í Gljúfurá í Borgarfirði auk staðsetningar fiskteljara og hitamælis.	21
Viðauki 2. Stangveiði (lax og urriði) eftir veiðistöðum á vatnasvæði Gljúfurár í Borgarfirði árið 2020.	21
Viðauki 3. Seiðavísitala eftir tegundum og aldri (fjöldi seiða á hverja 100 m ²) í Gljúfurá í Borgarfirði 1995 – 2020.	22

Inngangur

Gljúfurá í Borgarfirði er ein af fjölmörgum veiðiám á vatnasvæði Hvítár í Borgarfirði og er meðalveiði í ánni um 220 laxar (1985 – 2019) (Guðmunda Þórðardóttir og Guðni Guðbergsson, 2020), en auk þess veiðist nokkuð af urriða (sjóbirtingi). Gljúfurá er um 20 km löng frá upptökum í efsta hluta Langár og að ósi í Norðurá á móts við Stafholtshólma. Áin er fiskgeng að Klaufhamarsfossi, rúmlega 15 km leið. Ofarlega á fiskgenga hlutanum rennur Litlaá (0,8 km) í Gljúfurá og affall úr Hópinu rennur neðst í ána (1. mynd). Merktir veiðistaðir eru 77 talsins og eru leyfðar 3 stangir til veiða í ánni. Veiðitímabilið er frá 25. júní – 30. september og leyfilegt agn er maðkur og fluga.

Fiskstofnar á vatnasvæði Gljúfurár í Borgarfirði voru fyrst rannsakaðir í lok níunda áratugar síðustu aldar (Sigurður Már Einarsson, 1989, 1990). Reglubundin vöktun á fiskstofnum árinna hófst árið 1995, með árlegum seiðarannsóknum á útbreiðslu tegunda, aldurssamsetningu seiðaárganga, vísitölu þéttleika og vexti seiða. Hreistursýnum hefur verið safnað og þau myndgreind á árabílinu 2000 – 2019 (Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Sigurður Már Einarsson, 2020). Hreisturrannsóknir eru mikilvægur hluti gagnasöfnunar um lífssögu laxastofna og gefa m.a. upplýsingar um aldur í ferskvatnsdvöl og sjávardvöl laxa, stærð seiða við sjógöngu, vöxt í ferskvatni og í sjávardvöl, auk tíðni endurtekinnar hrygningar. Rannsóknir á stofnstærð laxfiska í Gljúfurá hófust árið 2009 er Árvaka fiskiteljara var komið fyrir í steinsteyptum þröskuldi neðarlega á vatnasvæði árinna (Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Sigurður Már Einarsson, 2020). Mikilvægar upplýsingar um tegundasamsetningu göngunnar, skiptingu á milli smálax og stórlax og göngutíma fást með fisktalningu. Mælingar á vatnshita í Gljúfurá hófust árið 2010 og hefur niðurstöðum reglulega verið gerð skil (Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Sigurður Már Einarsson, 2020). Árið 2016 var flatarmál og botngerð árfarvega á vatnsvæði Gljúfurár metin, með tilliti til uppeldisskilyrða fyrir lax (Sigurður Már Einarsson og Ásta Kristín Guðmundsdóttir, 2016) vegna arðskrárgerðar í Veiðifélagi Gljúfurár. Stærð hrygningarstofns laxa í Gljúfurá og hrognafjöldi í ánni var í fyrsta sinn reiknaður árið 2017, fyrir tímabilið 1975 - 2016 (Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Sigurður Már Einarsson, 2017) og árið 2018 voru viðmiðunarmörk hrygningarstofnsins í Gljúfurá metin (Ásta Kristín Guðmundsdóttir, Jóhannes Guðbrandsson og Sigurður Már Einarsson, 2018). Fjöldi skýrsla hafa verið gefnar út um seiðarannsóknirnar og er þeirra, sem ekki er vitnað sérstaklega til í þessari skýrslu, getið í ritaskrá aftan við heimildaskrá.

Í þessari skýrslu eru kynntar niðurstöður rannsókna á vatnasvæði Gljúfurár árið 2020.

Aðferðir

Upplýsingar um stangveiði ársins 2020 voru fengnar úr Skrínnunni, veiðigagnagrunni Hafrannsóknastofnunar og Fiskistofu. Stangveiðin er skilgreind eftir tegund, veiði (fjöldi fiska) og afla (veiði að frádregnum sleppingum (veiða og sleppa)) og er laxveiðin sundurliðuð og uppreiknuð eftir kyni (hængur/hrygna) og sjávaraldri (smálax/stórlax) auk þess sem meðalþyngd (kg) hvers flokks er reiknuð. Við skiptingu laxveiðinnar eftir sjávaraldri er miðað við að hængar 4,0 kg og þyngri og hrygnur 3,5 kg og þyngri séu stórlaxar, þ.e. hafi tveggja ára (eða lengri) sjávardvöl að baki (Guðmunda Þórðardóttir og Guðni Guðbergsson, 2020). Stangveiði ársins er tekin saman eftir veiðistöðum og vikum auk þess sem langtímagögn um þróun stangveiðinnar á svæðinu eru tekin saman og veiði ársins 2020 borin saman við meðalveiði tímabilsins 1984 – 2019.

Þann 19. júní 2020 var fiskteljara komið fyrir í Gljúfurá og var hann starfræktur til 26. september. Búnaðurinn var af gerðinni Árvaki (Riverwatcher Daily) og tækjabúnaði og aðferðum við greiningu gagna hefur áður verið lýst (Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Sigurður Már Einarsson, 2017). Stuðullinn 6,0 var notaður til að umreikna lengd fiska út frá hæð (þykkt) þeirra í teljaraskráningum. Lengdarmörk á milli silungs og smálax annarsvegar og smálax og stórlax hinsvegar voru ákvörðuð út frá lengdardreifingu þeirra í veiðinni, á þann hátt að fiskur 48 cm og smærri væri talinn silungur, smálax væri á bilinu 49 – 70 cm og stórlax 71 cm eða lengri. Gangan upp fyrir teljarann að frádregnum fiskum sem gengu niður aftur (nettóganga) var sundurliðuð eftir mánuðum.

Veturinn 2019 – 2020 fór að grafa undan steinsteypa þröskuldinum sem nýttur er til fisktalninganna í Gljúfurá og steyptar einingar þröskuldsins sigu talsvert. Reynt var að lagfæra þröskuldinn eftir föngum vorið 2020. Við skoðun á teljaragögnum 2020 kom í ljós að fisktalningin um teljarann var ómarktæk. Viðgerðin um vorið skilaði ekki varanlegum árangri og vegna þessa sigs sem nefnt hefur verið og mikils vatns í ánni mestan part sumarsins 2020 er líklegt að göngur hafi átt greiða leið framhjá þröskuldinum og jafnvel yfir hann í mestu vatnavöxtunum. Á 5. mynd í þessari skýrslu sést á hitaskráningum að ólag hefur verið á teljarabúnaði í tvær vikur af ágúst og í annarri viku september. Engin ganga er því skráð á þeim tíma en ljóst má þykja að hún hafi verið nokkur, ýmist í gegnum teljarabúnaðinn eða framhjá/yfir þröskuldinn. Niðurstöður fisktalningar eru því settar fram í þessari skýrslu eingöngu til upplýsinga en eru ekki forsendur neinna útreikninga. Áætlaður fjöldi fiska í göngunni er hins vegar reiknaður út frá meðaltals veiðihlutfalli á laxi og urriða síðustu fimm ára (2015 – 2019) og þekktum fjölda fiska í stangveiðinni árið 2020.

Hrognafjöldi í Gljúfurá haustið 2020 var reiknaður út frá áætlaðri laxagöngu og útreikningar uppfærðir fyrir tímabilið 1975 – 2020. Aðferðum við hrognaútreikninga hefur áður verið lýst

og gert var ráð fyrir stöðugu kynjahlutfalli stórlaxahrygna yfir tímabilið eða 58,6% (Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Sigurður Már Einarsson, 2017; Ásta Kristín Guðmundsdóttir ofl., 2018). Hrognafjöldinn var borinn saman við hrygningarmarkmið í ánni sem reiknað hefur verið 1,14 milljónir hrogn á ári eða sem samsvarar 3,5 hrogn/m² (Ásta Kristín Guðmundsdóttir ofl., 2018).

Alls voru 24 hreistursýni rannsökuð úr stangveiðinni í Gljúfurá árið 2020 en mikilvægi söfnunar á hreistri, aðferðum við sýnatöku og úrvinnslu gagna hefur áður verið ítarlega lýst (Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Sigurður Már Einarsson, 2012; Ásta Kristín Guðmundsdóttir ofl., 2018). Aldursgreining á hreistursýnum gerir kleift að rekja fiskana til klakárganga auk þess sem mögulegt er að reikna lengd þeirra og vöxt á mismunandi æviskeiðum út frá bakreiknaðri lengd hreistursýna. Eingöngu er stuðst við bakreikning á hreistri af löxum er ganga í fyrsta sinn til hrygningar.

Seiðamælingar voru gerðar í Gljúfurá í Borgarfirði 10. ágúst 2020. Jafnan er leitast við að veiða á sömu stöðvum ár hvert (1. mynd; viðauki 1); í Litluá (st. 1), í Gljúfurá rétt ofan við ármót Litluár (st. 2), neðan við Einarsfoss (st. 3) og fyrir neðan gljúfur (st. 4), skammt neðan fiskteljarans (1. mynd; viðauki 1). Þéttleiki sumar- og veturgamalla (0+ og 1+) laxaseiða var borinn saman við viðmiðunarmörk um seiðapétteleika sem reiknuð hafa verið 30 seiði/100 m² fyrir 0+ og 25 seiði/100 m² fyrir 1+ seiði (Ásta Kristín Guðmundsdóttir ofl., 2018). Holdastuðull laxa- og urriðaseiða var reiknaður en stuðullinn 1,0 gefur til kynna seiði í góðum holdum (Bagenal og Tesch, 1978). Aðferðum við rafveiðar, sýnatöku og úrvinnslu gagna hefur að öðru leyti áður verið lýst (Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Sigurður Már Einarsson, 2012; Ásta Kristín Guðmundsdóttir, Jóhannes Guðbrandsson og Sigurður Már Einarsson, 2019).

Vatnshiti í Gljúfurá í Borgarfirði er jafnan mældur með síritandi mæli af gerðinni DST centi-T. Mælirinn hefur frá upphafi verið staðsettur við steinsteypta þröskuldinn í ánni (64.664063°N, -21.679577°W, WGS 84) (1. mynd; viðauki 1). Mælingum á vatnshita hefur verið gerð góð skil undanfarin ár en verða ekki teknar fyrir í þessari skýrslu.

Niðurstöður

Stangveiði

Í stangveiðinni í Gljúfurá í Borgarfirði veiddust 200 laxar og 46 urriðar (tafla 1). Uppistaðan í laxveiðinni var smálax (93,5%) sem vóg að meðaltali 2,36 kg og hlutur hrygna í smálaxaveiðinni var 46,4% (tafla 2). Hlutur stórlaxa í veiðinni nam 6,5% og vógu þeir 4,24 kg að meðaltali og voru hrygnur í minnihluta eða 44,4% stórlaxagögnunnar (tafla 2). Meirihluta stórlaxa í veiðinni var sleppt (85,7%) en litlum hluta smálaxa (4,5%) en auk þess var tveimur urriðum sleppt

(4,5%) (tafla 1). Fjöldi laxa í veiðinni 2020 jókst um 40,9% frá árinu 2019 en var 8% undir langtímameðaltali (217) (1984 – 2019) (2. mynd). Fjöldi urriða í veiðinni 2020 minnkaði um 14,8% frá árinu 2019 en var 104% yfir langtímameðaltali (23) (1987 – 2019) (3. mynd).

Laxveiði var skráð á 38 veiðistaði og gaf Oddahylur (nr. 270) þá flesta (36 fiskar; 18,6%) (viðauki 2). Veiðistaðir voru ekki tilgreindir í sex tilfellum í laxveiðinni (3,1%). Veiði á urriða dreifðist á 22 veiðistaði og mesta veiðin á einstökum veiðistað var í Kerinu (nr. 120) (6 fiskar; 13%).

Fyrstu laxarnir í Gljúfurá veiddust 24. júní og gaf fyrsta vikan í laxveiðinni 8 fiska en önnur vikan 12 fiska (4. mynd). Í þriðju vikunni minnkaði veiðin en jókst síðan í þeirri fjórðu, eftir miðjan júlí, og hélst veiðin mikið til jöfn í þrjár vikur, með um 15 laxa í viku hverri. Veiðin minnkaði svo lítillega aftur snemma í ágúst en í vikunni 12. – 18. ágúst kom aftur kippur í veiðina (25 fiskar) og sveiflaðist hún talsvert það sem eftir var veiðitímans. Eftir 12. ágúst veiddist 58,5% af heildarlaxveiðinni í Gljúfurá og var mesta samanlagða veiðin á einni viku 31 lax (16. – 22. september).

Fyrsti urriðinn veiddist í annarri vikunni í júlí og samanlagt voru sjö fiskar skráðir í veiði þann mánuðinn. Frá 5. ágúst til loka veiðitímabilsins (að stórum hluta í ágúst) veiddist 84,8% urriðans (39 fiskar) en hófst þó veiðin ekki að ráði fyrr en eftir 12. ágúst (4. mynd).

Fisktalning, reiknuð ganga og áætlað veiðihlutfall

Um teljarann í Gljúfurá árið 2020 voru skráðir 23 silungar, 158 smálaxar og 44 stórlaxar (fjöldi fiska upp að frádregnum fjölda niður). Í ágúst var ganga allra tegunda og gerða (silungur/smálax/stórlax) stærst skv. skráningu þegar gengu 65,2% silunga, 59,2% smálaxa og 65,9% stórlaxa (tafla 3). Minnt er á að ekki er um marktækar niðurstöður að ræða (sjá kafla um aðferðir). Veiðihlutfall í Gljúfurá árið 2020 var áætlað samkvæmt meðaltals veiðihlutfalli árána 2015 – 2019; 36,4% á smálaxi og 12,5% á stórlaxi sem er 33,2% heildarveiðihlutfall á laxi í göngunni (tafla 4). Út frá áætluðu veiðihlutfalli í Gljúfurá og þekktri veiði ársins 2020 var gangan um teljarann í Gljúfurá reiknuð 606 laxar sem skiptust í 503 smálaxa og 104 stórlaxa (tafla 4).

Hrognafjöldi og viðmiðunarmörk hrygningar

Fjöldi hroga á vatnasvæði Gljúfurár eftir hrygninguna 2020 var áætlaður 1,19 milljónir hroga eða 4,2% yfir hrygningarmarkmiði árána sem er 1,14 milljónir hroga (7. mynd). Hlutfall stórlaxahroga af heildarhrygningunni var reiknað 29,3% og fjöldi hroga á flatareiningu var áætlaður 3,6 hrogn/m² (7. mynd) eða 7,2% yfir meðalhrognafjölda tímabilsins 1975 – 2020.

Hreistur

Greind voru 23 hreistursýni af löxum af smálaxastærð úr stangveiðinni í Gljúfurá 2020. Sýnin voru af 22 smálöxum (1 ár í sjó; 1. hrygningarganga) og einum laxi á sinni annarri hrygningargöngu (2ja ára úr sjó). Ferskvatnsaldur var þrjú ár hjá 47,8% laxa og fjögur ár hjá 52,2% laxa (tafla 6). Smálaxarnir dvöldu að meðaltali 3,5 ár í ánni og bakreiknuð lengd þeirra við útgöngu var 12,1 cm að meðaltali (tafla 7). Vöxtur unglaxa í hafi (smálaxar í veiðinni 2020), frá útgöngu að fyrsta vetri í sjó, var 31,0 cm (tafla 7), litlu meiri (0,8%) en samsvarandi vöxtur árið á undan (veiðin 2019) og 4,2% undir meðalvexti (2010 – 2020) (32,4 cm) (8. mynd). Laxinn sem veiddist á sinni annarri hrygningargöngu, var 62 cm löng hrygna og 2,0 kg að þyngd (tafla 8). Hún hafði gengið í ána í fyrra skiptið sumarið 2019, hrygnt um haustið og líklega dvalið í ánni þar til síðla vetrar 2020, þar til hún hopaði til sjávar. Eftir skamma dvöl í sjónum snéri hún til hrygningar í ána í annað sinn.

Auk laxasýna var eitt hreistursýni af urriða greint úr stangveiðinni (tafla 9). Engar upplýsingar um kyn, lengd og þyngd voru skráðar en aldursgreining sýndi að um sjóbirting var að ræða, sem dvalið hafði 5 ár í ánni fyrir fyrstu sjögöngu sem alls urðu þrjár talsins. Því var um að ræða átta ára gamlan urriða, úr klaki ársins 2012.

Laxveiðin, að teknu tilliti til laxa í smálaxastærð sem voru á endurtekinni hrygningu (tveggja ára úr sjó), var að stærstu leyti úr klakargöngum 2015 (50,8%) og 2016 (44,9%) en lítill hluti eða 3,4% úr klaki ársins 2014 og 0,8% úr klaki ársins 2013 (tafla 10).

Seiðamælingar

Í seiðamælingum í Gljúfurá 2020 veiddust 218 laxaseiði af fjórum árgöngum (0⁺, 1⁺, 2⁺ og 3⁺) (tafla 11) og 47 urriðaseiði af tveimur árgöngum (0⁺ og 1⁺) (tafla 12). Meðallengd sumargamalla laxaseiða var 3,9 cm (8,3% yfir langtímameðaltali (l.m.t.)), seiða á öðru ári 6,3 cm (5,0% yfir l.m.t.), seiða á þriðja ári 8,2 cm (1,2% yfir l.m.t.) og seiða á fjórða ári 9,6 cm (1,1% yfir l.m.t.) (9. mynd; viðauki 3). Meðallengd sumargamalla urriðaseiða var 4,2 cm (5,0% yfir l.m.t.) og urriðaseiða á öðru ári 7,2 cm (4,3% yfir l.m.t.) (10. mynd; viðauki 3).

Þéttleikavísitala (fjöldi seiða á 100 m²) allra árganga laxaseiða var að meðaltali 42,4/100 m² (meðaltal stöðva) (tafla 13) og 16,0% undir langtímameðaltali (50,4/100 m²) (11. mynd; viðauki 3). Vísitala 0⁺ seiða var 26,6/100 m² að meðaltali (18,8% yfir l.m.t.) en 11,4% undir þéttleikamarkmiði (30/100 m²) (11. mynd). Vísitala 1⁺ seiða var 10,6/100 m² (40,8% undir l.m.t.) og 57,8% undir þéttleikamarkmiði (25/100 m²) (11. mynd). Vísitala 2⁺ seiða var 4,5/100 m² og 3⁺ seiða 0,7/100 m² (tafla 13). Á stöð 2, efst í Gljúfurá, mældist hæsta seiðavísitala laxaseiða (106,6/100 m²) og var vísitala sumargamalla (0⁺) seiða 78,3/100 m² (tafla 13).

Þéttleikavísitala urriðaseiða var 6,7/100 m² að meðaltali (tafla 13), 116,1% yfir langtímameðaltali (12. mynd; viðauki 3). Mestur var þéttleikinn (20,2/100 m²) á stöð 3 í Gljúfurá, að stærstum hluta sumargömul (0⁺) seiði (19,6/100 m²) (tafla 13). Urriðaseiði veiddust á öllum stöðvum í Gljúfurá (st. 1, 2 og 3) en þeirra varð ekki vart í Litluá (st. 1) (tafla 13).

Þyngdarstuðull hvers árgangs laxaseiða var á bilinu 1,04 – 1,07 (1,05 að meðaltali) og urriðaseiða 1,04 að meðaltali (tafla 14).

Umræður

Samkvæmt bráðabirgðatölum Hafrannsóknastofnunar varð aukning á milli ára í laxveiði úr náttúrulegum veiðistofnum á Íslandi árið 2020 (Hafrannsóknastofnun, 2020). Þrátt fyrir það var veiðin (23.500 laxar) sú sjötta minnsta frá upphafi veiðiskráningar í rafrænan gagnagrunn (1974). Þar kemur einnig fram að laxveiðin á Vesturlandi, sem jókst frá 2019, var sú fjórða minnsta um langt skeið. Einkum tvennt ræður stofnstærð laxa sem gengur í árna ár hvert. Annars vegar er það stærð gönguseiðaárganga (einu og tveimur árum fyrr) og hins vegar endurheimtuhlutfall úr sjávardvölinni. Algeng afföll laxa í sjávardvölinni eru á bilinu 80 - 95% (ICES, 2019) og því viðbúið að sveiflur í göngum og veiði geti verið miklar. Til að mynda hefur endurheimtuprósentan í Elliðaárnar (þ.e. hlutfall laxa úr hverjum gönguseiðaárgangi sem skilar sér aftur í ána) sveiflast töluvert síðasta áratuginn (Guðmunda Þórðardóttir og Guðni Guðbergsson, 2020). Þannig voru endurheimturnar í Elliðaárnar árin 2012, 2014, 2015, 2017 og 2019 undir langtíma meðaltali en árin 2013, 2016, 2018 og 2020 voru þær yfir meðaltali (Jóhannes Sturlaugsson, 2021; Jóhannes Sturlaugsson, upplýsingar í tölvupósti 2021). Flest bendir til þess að minni laxgengd á Vesturlandi árið 2020 megi áfram, líkt og árið 2019, rekja til lítils hrygningarárgangs 2014 (Hafrannsóknastofnun, 2020) en jafnframt eru leiddar að því líkur að vor og sumar 2019 hafi árgangar gönguseiða á Vesturlandi orðið fyrir töluverðum afföllum af völdum þurrka (lágrennslis) á leið þeirra til sjávar (Sigurður Már Einarsson, Jóhannes Guðbrandsson og Ásta Kristín Guðmundsdóttir, 2021). Því hafi óhagstæð umhverfisskilyrði á göngutíma seiða til sjávar lagst við þá staðreynd að fjöldi seiðanna var í mörgum tilfellum lítill í kjölfar lítils hrygningarstofns 2014.

Laxveiðin í Gljúfurá jókst töluvert árið 2020 frá því sem hún var þurrkasumarið 2019 og var einungis 8% undir langtímameðaltali, ólíkt veiðinni víða á Vesturlandi þar sem hún var langt undir meðalveiði þegar á heildina er litið. Til dæmis má nefna að í bæði Norðurá og Þverá í Borgarfirði var laxveiði ársins 2020 einungis rúmlega helmingur af langtímameðaltali (Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Sigurður Már Einarsson, 2021; Sigurður Már Einarsson, Jóhannes Guðbrandsson og Ásta Kristín Guðmundsdóttir, 2021) og um 75% af langtímameðaltali í Langá

á Mýrum (Sigurður Már Einarsson og Ásta Kristín Guðmundsdóttir, 2021). Uppistaða göngunnar í þessar ár, sem og í Gljúfurá, má rekja til laxgengdar og stærðar hrygningarstofna 2014 og 2015 (0⁺ seiði (klak) 2015 og 2016). Eins og komið hefur fram mældist klakárgangur 2015 víða mjög slakur vegna lítillar göngu árið 2014 og hefur áhrifa hans einkum gætt í veiðinni árin 2019 og 2020. Í Gljúfurá, árið 2014, var veiðin tæplega 30% undir meðalveiði (Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Sigurður Már Einarsson, 2015) og tilheyrði tímabili sem einkenndist af miklum sveiflum í fiskgengd og veiði (2. mynd). Þrátt fyrir það mældist stærð 0⁺ seiðaárgangsins árið eftir (2015) nokkuð yfir langtímameðaltali (Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Sigurður Már Einarsson, 2017) og skar sig hvað það varðar frá nágrannaánum Norðurá og Langá þar sem árgangur 0⁺ seiða mældist mjög lítill. Líklega skýrist þetta af öflugri haustgöngu laxa inn í Gljúfurá en svo virðist sem laxastofninn hafi aðlagð sig staðbundið að umhverfispáttum í ánni sem gerir það að verkum að hluti göngunnar sækir síðla sumars og um haust upp í ána (Ásta Kristín Guðmundsdóttir, Sigurður Már Einarsson, Jóhannes Guðbrandsson, 2019). Af þessum sökum verður hluti laxastofnsins (sá er gengur seint í ána) fyrir mun minna veiðialagi en sá hluti sem gengur í ána fyrripart sumars. Einkum er veiðihlutfall á stórlaxi lágt í Gljúfurá eða 15,7% að meðaltali (2010 – 2019) en algengt veiðihlutfall á stórlaxi í íslenskum ám er um 70% (Ingi Rúnar Jónsson, Þórólfur Antonsson og Sigurður Guðjónsson, 2008).

